

Aukin áhersla á náttúrutengda ferðalþjónustu gerir kröfur um aukið og bæt aðgengi ferðafólks að íslenskri náttúru. Jafnframt er nauðsynlegt að taka saman og gera aðgengilegar upplýsingar um umhverfi, náttúrufar, sögu og þjónustu innan hvers svæðis. Með því móti er auðveldara fyrir fólk að kynnast og upplifa sérkenni hvers landsvæðis. Upplýsingar sem þessar koma til með að nýtast í aukinni fræðslu og betra aðgengi ferðamanna. Aukin upplýsingasöfnun auðveldar einnig ferðalþjónustuaðilunum sjálfum að byggja upp og styrkja sína þjónustu.

Markmið verkefnisins er að Tröllaskagasvæðið verði í náninni framtíð þekkt sem gæða vörumerki hvort heldur sem er á sviði náttúru eða menningartengdar ferðalþjónustu. Markviss uppbygging á göngu-leiðum um svæðið er forsenda frekari vörubrúunar á þessu sviði. Lögð verður áhersla á að uppbygging gönguleiðanna verði með þeim hætti að hún styrki þá ferðalþjónustu sem fyrir er á svæðinu.

Stefnt er að því í upphafi verkefnisins að gefa út 8 – 10 göngukort í upplausninni 1:50:000. Kortin gegna tvíþáttum tilgangi þe að lýsa gönguleiðum og að safna örnefnum, en fjölda óskráðra örnefna hefur verið bæt á kortið. Á bakhlið verða leiðarlýsingar. Vinna við fyrsta kortið er langt komin og stefnt er að því að það komi fljótlega.

Verkefnið er samstarfsverkefni ýmissa aðila, verkið hefur verið að mestu unnið af Hjalta Þórðarsyni, Bjarna Guðleifssyni og Bjarna K. Kristjánssyni.